



Menntun og mannrækt

Njarðvíkurskóli



Sjálfsmatsskýrsla
2005-2007

1. Inngangur

Í þessari skýrslu um sjálfsmat Njarðvíkurskóla er greint frá innra mati skólans og tekur sú skýrsla mið af niðurstöðum sem þegar liggja fyrir um innra starf og stefnu Njarðvíkurskóla skólaárin 2005-2007. Matið er unnið af stjórnendum skólans á grunni upplýsinga sem þegar hafa orðið til og þeirri vinnu sem sjálfsmatsteymi hafði áður unnið. Niðurstöður eru bornar saman við markmið skólans, stefnu Reykjanesbæjar í fræðslumálum og metnar eru sterkar og veikar hliðar á þeim þáttum skólustarfsins sem teknar voru til athugunar í matsspurningum sem settar voru fram í áætlun um sjálfsmat Njarðvíkurskóla. Umbóta- og aðgerðaáætlun verður unnin á grunni þessarar skýrslu og á að liggja fyrir í lok skólaárs 2007-2008.

2. Markmið og tilgangur

2.1 Tilgangur matsins

Tilgangur matsins er fyrst og fremst sá að skoða alla þætti skólustarfsins með það að leiðarljósi að bæta það sem betur má fara, efla það sem vel gengur og framfylgja þannig áætlun um sjálfsmat Njarðvíkurskóla.

Í skólanámskrá Njarðvíkurskóla kemur fram að megin tilgangur með sjálsmati skólans er að auðvelda starfsfólki skólans að vinna að framgangi markmiða hans, meta hvort þeim hafi verið náð, endurskoða þau og stuðla að faglegum grundvelli fyrir umbótum. Matið þarf að vera altækt þar sem það nær til allra þátta skólustarfsins og vera árangursmiðað, þar sem upplýsingarnar munu verða nýttar sem grundvöllur að ákvarðanatöku um frekari þróun skólustarfs. Matið er jafnframt samstarfsmiðað, þar sem það er unnið af starfsmönnum skólans á grundvelli margvíslegra upplýsinga sem safnað hefur verið saman og það er stofnana- og einstaklingsmiðað þar sem litið er á skólann sem heild og einstaklinga sem þar starfa.

2.2 Rökstuðningur

Í grunnskólalögum nr. 66/1995 er kveðið á um að sérhver grunnskóli skuli innleiða aðferðir til að meta skólustarfið. Sjálfsmatið er leið til þess að vinna kerfisbundið að því að bæta árangur af skólustarfi, þ.e. að meta hvort markmiðum skólans hafi verið náð, endurskoða þau og stuðla að umbótum. Með sjálfsmatinu gerum við okkur betur grein fyrir stöðu skólans, hverjar eru veikar og hverjar eru sterkar hliðar hans. Sjálfsmatið er ekki unnið nú í eitt skipti fyrir öll heldur mun verða órjúfanlegur hluti af skólustarfinu í framtíðinni. Tilgangur þessarar skýrslu er í fyrsta lagi að taka saman það sem þegar hefur verið gert til að meta starfsemi skólans og gera aðgerðaráætlun um hvernig verði best unnið að því að svara þeim spurningum um starf skólans sem settar eru fram í Áætlun um sjálfsmat Njarðvíkurskóla.

2.3 Lesendur

Skýrslan á að nýtast sem vinnuþagg fyrir starfsmenn skólans mat á skólustarfinu. Þannig verður matið tæki til þess að gera aðgerðaráætlanir til þess að takast megi að vinna að áframhaldandi skólaþróun í Njarðvíkurskóla. Sjálfsmatsskýrsla þessi er skrifuð með það fyrir augum að hún skuli verða opinber. Hún verður sérstaklega kynnt fyrir starfsfólki skólans, nemendum, foreldrum, fræðsluráði og bæjaryfirvöldum. Síðan verður hún birt á heimasíðu skólans.

2.4 Lýsing á skólanum

Njarðvíkurskóli var stofnaður 1942 og var skólahúsnæðið tekið í notkun í febrúar 1943. Oft hefur verið byggt við upprunalegt húsnæði, nú síðast árið 2000. Skólinn er vel búinn tækjum og aðstaða fyrir starfsfólk og nemendur er nokkuð góð. Njarðvíkurskóli er umhverfisvænn grunnskóli sem leggur áherslu á lestrarnám á öllum stigum skólans. Veturinn 2007-2008 eru 428 nemendur í 1.-10. bekk í skólanum. Skólinn hefur einnig undir sinni stjórn tvær sérdeildir sem þjóna öllum grunnskólum Reykjanesbæjar og eru deildirnar í tveimur húsum á lóð skólans. Önnur deildin, Ösp, er ætluð þroskahömluðum nemendum og hin deildin, Björk er ætluð nemendum sem vegna hegðunarerfiðleika í heimaskólum sínum eru tímabundið vistaðir í deildinni.

2.5 Stefna skólans

*Einkunnarorð Njarðvíkurskóla eru **menntun og mannrækt.***

Menntun

Við kappkostum að uppfylla ákvæði Aðalnámskrár grunnskóla um almenna menntun sem eina meginstöð lýðræðis, undirstöðu menningar og almennrar velferðar. Í samvinnu við heimilin, viljum við búa nemendur undir líf og starf í lýðræðislegu þjóðfélagi, dýpka skilning þeirra á samfélaginu og hlutverki einstaklingsins í því.

Mannrækt

Við viljum finna og rækta hæfileika sérhvers nemanda svo hann nái að þroskast og mótast af gildum lýðræðislegs samstarfs sem einkennist af mannhelgi, réttlæti og félagsanda, virðir mismunandi einstaklinga og leyfir einkennum þeirra að njóta sín.

Markmið

Markmið okkar eru að öllum nemendum geti liðið vel í skólanum og góð samvinna takist milli heimila og skóla.

Markmið okkar eru ennfremur að nemendur:

Beri ábyrgð á eigin námi.

Verði sjálfstæðir í vinnubrögðum og geti valið sér verkefni eftir áhugasviði.

Geti nýtt sér tölvu- og upplýsingatækni í vinnu sinni.

Þjálfí félagsfærni sína í samvinnu við aðra nemendur og kennara.

Fái tækifæri til að takast á við fjölbreytt verkefni og vinna með margskonar efnivið í samvinnu við aðra nemendur og kennara.

Verði færir um að meta stöðu sína í námi.

Verði færir um að meta vinnu sína og samnemenda á gagnrýninn og jákvæðan hátt.

Læri að taka ábyrgð á orðum sínum og gerðum og temji sér sjálfsaga.

Læri að tjá sig um skoðanir sínar og líðan án þess að særa aðra eða að ganga á rétt annarra.

Beri virðingu fyrir umhverfi sínu.

Leiðir

Með því að:

- leggja rækt við það góða í manneskjunni,
- sýna umburðalyndi,
- bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum,
- leggja áherslu á jákvæðan aga,
- leggja áherslu á einstaklingsmiðað nám m.a. með samvinnu, þemavinnu, blöndun hópa

- og flæðis milli námsgreina,
- skipuleggja námið með mismunandi yfirferð námsefnis á misjöfnum tíma til að mæta hverjum nemenda þar sem hann er staddur,
- nemendur taki þátt í að setja sér raunhæf markmið í samvinnu við kennara og foreldra
- nemendur taki þátt í að meta vinnu sína og verk,
- vekja áhuga og virðingu nemenda fyrir umhverfinu sínu með öflugri umhverfismennt,
- efla kennslu í lífsleikni frá upphafi skólagöngu nemenda,
- þjálfa tjáningu og framsögn.

Stefna skólans tekur einnig mið af skólafestu Reykjanesbæjar þar sem kemur m.a. fram að: „Hlutverk skóla er fræðsla og mannrækt. Markmið skólafests er að stuðla að persónulegum og félagslegum þroska allra nemenda og gera þá færa um að taka ábyrgan og skapandi þátt í síbreytilegum heimi utan skólans. Til að þetta megi takast þarf skólinn m.a. að leggja áherslu á viðfangsefni sem stuðla að gagnrýnni hugsun, sjálfstæði og ábyrgð í námi, námstækni og skipulögðum vinnubrögðum og góðri umgengni ásamt samvinnu og samhjálpi.“ (http://www.rnb.is/default.asp?cat_id=321 sótt 12.10. 2007 af heimasíðu Rnb)

2.6 Stjórnun

Stjórn skólans skipta skólafestjóri, aðstoðarskólafestjóri og tveir deildarstjórnar í 50% starfi sem einnig sinna kennslu. Við skólafest starfar námsráðgjafi í 50% starfi sem sinnir að auki kennslu. Umsjónarkennarar í 5.-9. bekk sinna einnig námsráðgjöf. Ýmis teymi kennara eru starfandi í skólanum sem halda utan um mismunandi málaflokka svo sem námsmatsteymi, umhverfisteymi, jóla- og áhrshátíðarnefnd, nefnd sem skipulagði þemadaga o.fl. Kennarafundir eru 1 til 2x í mánuði. Deildarfundir eru 2x í mánuði og starfsmannafundir 1x í mánuði.

2.7 Nám og kennsla.

Í Njarðvíkurskóla eru 10 árgangar. Í fyrsta bekk eru tveir umsjónarhópar. Í öðrum bekk eru tveir umsjónarhópar. Þriðji og fjórði bekkur eru þrír umsjónarhópar, fimmti og sjötti bekkur eru þrír umsjónarhópar, og í sjöunda bekk eru tveir umsjónarhópar. Í áttunda bekk og níunda bekk eru tveir umsjónarhópar og í tíunda bekk þrír umsjónarhópar.

Umsjónarkennarar í 3. og 4. bekk vinna saman í þriggja kennara kerfi. Hver kennari telst umsjónarkennari ákveðinna nemenda. Umsjónarkennarar vinna saman í teyimum að undirbúningi og kennslu námshópanna, ásamt öðrum kennurum. Þannig nýtast starfskraftar einstakra kennara fleiri nemendum, ábyrgðin dreifist og betra svigrúm skapast fyrir fjölbreyttari vinnubrögð og kennsluhætti. Með slíku samstarfi styðja kennarar hvern annan og leita saman lausna. Verið er að þróa svipuð vinnubrögð í 5. og 6. bekk og er þeim kennt í samkennslu. Í öðrum bekk er umsjónarhópnum kennt að hluta til saman. Tveir umsjónarhópar eru í tvöfaldri kennslustofu. Í áttunda bekk er teymi í íslensku og stærðfræði. Í níunda og tíunda bekk eru teymi í öllum bóklegum greinum. Nemendur í níunda og tíunda bekk hafa átta tíma í valgreinum á viku og geta einnig sótt tiltekna valgreinar í aðra grunnskóla í Reykjanesbæ, Fjölbrotaskóla en auk þess geta nemendur fengið íþróttaiðkun og starf með björgunarsveit metið sem val. Nokkrir nemendur í 9. og 10. bekk eru í starfstengdu námi í samvinnu við Vinnuskóla Reykjanesbæjar. Á þessu skólaári geta nemendur í áttunda bekk valið sér námsgreinar sem svara fjórum kennslustundum á viku. Í heimilisfræði, list- og verkgreinum er bekkjum skipt í tvo hópa.

2.8 Námsmat

Tilgangur námsmats er að afla upplýsinga sem eiga að hjálpa nemendum við námið.

Nauðsynlegt er að námsmat hafi hagnýtan tilgang sem kennarar og nemendur þurfa að vera meðvitaðir um því að allar kennslufræðilegar ákvarðanir um námsframvindu nemenda eru byggðar á mati. Námsmat þarf að vera fjölbreytt svo hægt sé að koma til móts við alla nemendur og er námsmat undirstaða aðgreiningar í kennslu og hugsa þarf um það sem leiðarvísir í gegnum allt nám. Megintilgangur námsmats er að örva nemendur, aðstoða þá við námið og hvetja þá til sjálfsmats. Námsmat á að veita nemendum og foreldrum þeirra upplýsingar um námsgengi nemenda og hjálpa nemendum við að setja sér áframhaldandi markmið í náminu. Námsmat fer ekki einungis fram í lok námstímans heldur er það einn af föstum þáttum skólastarfsins, órjúfanlegt frá námi og kennslu.

Fjölbreyttar námsmatsleiðir verða viðhafðar eins og sýnismöppur, mat á frammistöðu nemenda, sjálfsmat, vettvangsathuganir, sýningar, sjálfstæð verkefni og próf. Með fjölbreyttu alhliða mati er verið að láta nemendur yfirfara kunnáttu sína og ekki síður að nemendur beri ábyrgð á eigin námi. Með því að nemendur sjái tilgang með námi sínu verða þeir meðvitaðir um gildi þeirrar menntunar sem þeir verða aðnjótandi. Námsmat og endurgjöf er mjög stór þáttur í námi og sjálfsmynd nemenda og því verður að vanda vel framkvæmd þess.

Nemendum sem eru með greiningu um náms- og/eða hegðunarraskanir er boðið upp á ýmiss konar stuðning við próftöku svo sem eins og að taka próf í fámennari hóp, með lengri próftíma eða lestar- og/eða skrifarstuðning. Tekið er tillit til mismunandi þroska, getu og bakgrunns nemenda þegar metið er.

Skólaárið er tvær annir og er formlegur vitnisburður í janúar og júní. Á foreldradegi í nóvember er farið yfir markmiðssetningu nemenda og alhliða námsmat þar sem foreldrar og umsjónarkennari ræða um námslega og félagslega stöðu nemandans.

Eftirlit með námsárangri er í höndum umsjónarkennara og deildarstjóra. Miklu máli skiptir að nemendur viti fyrir fram hvaða þættir verða metnir og til hvers skólinn ætlast af þeim. Sundurliðun námsmats kemur fram í hverri grein í bekkjarnámskrá hvers árgangs einnig kemur það fram á fylgiblaði sem fylgir einkunnum nemenda í 5.-10. bekk.

Einkunnir nemenda í 2. – 10. bekk eru gefnar á vitnisburðarblöðum í lok hverrar annar. Nemendur í 1. bekk fá vitnisburðarblöð í lok skólaárs. Notaðar eru tölur (gefið í heilum og hálfum), orð og/eða umsagnir. Fyrir starfskynningu í 10. bekk og fyrir sund er notaður vitnisburðurinn lokið/ólakið. Í 1.-3. bekk er leshraðaeinkunn gefin í tölum ef nemandi nær einkunninni 2,0 annars er gefin umsögn. Nemendur í 4.-10. bekk fá lesskilningseinkunn sem gefin er í % en leshraðaeinkunn í orðum á mínútu. Nauðsynlegt er að hafa í huga að við lok grunnskóla þurfa nemendur að geta lesið a.m.k. 300 orð á mínútu.

2.9 Starfsfólk og starfsmannastjórnun

Við Njarðvikurskóla starfa 46 kennarar, þroskajálfi/sérkennari, 8 stuðningsfulltrúar, 5 gangaverðir auk umsjónarmanns skólahúsnæðis, skólaritara, skólabókavarðar, umsjónarmanns frístundaskóla og fimm starfsmanna frístundaskóla.

Lögð er áhersla á gott samstarf alls starfsfólks og var á síðasta skólaári haldinn fræðslufundur um samskipti þar sem Lisbet Einarsdóttir hélt fyrirlesturinn „Ég er eins og ég er.“ Einnig er lögð áhersla á að allir starfsmenn stundi símenntun. Gerð er símenntunaráætlun fyrir hvert skólaár sem er hluti af skólanámskrá. Skólastjóri vinnur símenntunaráætlun út frá stefnu skólans og óskum starfsmanna sem fram koma m.a. í starfsmannasamtölum.

3. Viðmið við matið.

Í Áætlun um sjálfsmat Njarðvíkurskóla kemur fram að viðmið við matið er stefna skólans ásamt skólastefnu Reykjanesbæjar. Eftirtaldar matsspurningar voru settar fram í sjálfsmatsáætlun Njarðvíkurskóla

1. Hefur skólinn skýra sýn og styrka stjórnun?
2. Eru kennsluaðferðir og mat á námi líkleg til aðmæta ólíkum einstaklingum og bæta stöðugt framfarir?
3. Rikir góður starfsandi innan skólans að mati starfsmanna og nemenda, þ.m.t. samskipti líðan og umhverfi?
4. Fá foreldrar stöðugar upplýsingar um stöðu nemenda og skólastarfið almennt og finna þeir sig velkomna í skólann?

4. Sjálfsmatsaðferðir

Sjálfsmat skóla felst í því að afla með skipulögðum hætti upplýsinga um ákveðna þætti skólastarfsins, gjarnan á grundvelli matsspuninga. Gæði starfsins eru síðan metin með því að bera niðurstöður saman við markmið eða viðmið. Á grundvelli matsins eru loks teknar ákvarðanir um breytingar til að bæta árangur, sett markmið og gerð framkvæmdaráætlun þar um.

Hér er lýst aðferðum Njarðvíkurskóla við mat á árangri skólastarfsins. Aðferðirnar eru greinandi og byggja á sjálfsmatsáætlun, skólanámskrá, könnunum sem hafa verið lagðar fyrir foreldra, starfsmenn og nemendur, niðurstöðum prófa og styrk- og veikleikagreiningum ásamt ýmsum athugunum, viðhorfakönnunum og tölfræðilegum upplýsingum um starfsemi skólans. Notuð er sú aðferð að innra mat, unnið á forsendum skólans, styðst við ytra mat yfirvalda og utanaðkomandi aðila. Þetta tvíhliða mat ætti að auka trúverðugleikann og stuðla að umbótum á því sem metið er.

Kannanir sem skólinn gerir í samvinnu við Samband íslenskra sveitafélaga

- Viðhorf foreldra nemenda í 7.-10. bekk til skólans. Foreldrakönnunin var varla marktæk þar sem aðeins um 40% tóku þátt.
- Viðhorf nemenda í 7.- 10. bekk til skólans

Kannanir sem Fræðsluskrifstofa Reykjanesbæjar stendur fyrir

- Úrvinnsla úr lesskimun sem lögð er fyrir alla nemendur í 2. bekk í grunnskólum Rnb
- Lesskipun, GRP14, lögð fyrir nemendur í 9. bekk og úrvinnsla

Kannanir sem aðrir hafa staðið fyrir

- Könnun á högum og líðan nemenda í 5., 6. og 7. bekk í Reykjanesbæ, 2007 Rannsókn og greining
- Könnun á líðan nemenda í Njarðvíkurskóla unnin í tengslum við Oweusarverkefnið

Upplýsingar frá Námsmatsstofnun

- Niðurstöður samræmdra prófa sem gefa mikilvægar upplýsingar um skólastarfið og hvaða þætti þarf sérstaklega að huga að í kennslu.
- Upplýsingar um framfarir nemenda í 4. – 7. bekk
- Samantekt á niðurstöðum samræmdra könnunarprófa í 4. og 7. bekk 2006 fyrir Reykjanesbæ

Það sem hefur verið gert í Njarðvíkurskóla til þess að afla upplýsinga um ákveðna þætti skólastarfsins.

- Úttekt á náttúrufræðikennslu í Njarðvíkurskóla (nóv. 2006)
- Viðhorfskönnun foreldra á matsdegi í janúar. (netkönnun)
- Kennaramat að loknum matsdögum.
- Viðhorfskönnun kennara í lok skólaársins (netkönnun)
- Viðhorfskönnun starfsmanna í lok skólaársins (netkönnun)
- Kaffihúsafundur starfsfólks sem liður í sjálfsmati Njarðvíkurskóla. Umræður um ákveðna þætti í skólastarfinu og skipst á skoðunum.
- Viðburðir á vegum skólans eru metnir jafnóðum s.s jólahátíð, árshátíð, vorhátíð og samkomur á sal.
- Viðhorfskönnun á meðal foreldra í 3.-4. bekk (samkennsla)
- Viðhorfskönnun á meðal nemenda í 3. – 4. bekk
- Könnun á líðan nemenda (okt. 2006).
- Mánaðarlegt mat nemenda í 1.-4. bekk og kennara á hegðun, líðan og starfi í skólanum
- Mat foreldraráðs á skólanámskrá skólans.
- Matsskýrslur, samkennsla-þróunarverkefni, lestrarteymi, Brúum bilið, samstarf leik – og grunnskóla.
- Starfsmannasamtöl

5. Niðurstöður

5.1 Stefnumörkun og stjórnun

Fyrsta matsspurningin var hvort skólinn hefði skýra sýn og styrka stjórnun. Niðurstöður könnunar sem gerð var í lok skólaársins 2006-2007 bendir til þess að meiri hluti starfsmanna telji að skólanum sé vel stjórnað og hafi skýra sýn. 78% kennara telja að skólanum sé mjög vel eða vel stjórnað og 83% annarra starfsmanna telja að skólanum sé vel eða mjög vel stjórnað. Á matsdegi í janúar 2007 var meirihluti foreldra sammála um að vel takist til við stjórnun skólans. 85% foreldra telja að skólanum sé mjög vel eða vel stjórnað.

5.2 Upplýsingastreymi

Í könnun á vegum allra starfsmanna hvort starfsmenn séu ánægðir með upplýsingastreymið innan skólans kom fram að starfsfólk var almennt ánægt með upplýsingastreymið. Um 70% starfsmanna eru mjög eða frekar sammála um að upplýsingastreymið hafi verið gott. Á kaffihúsafundi vorið 2006 voru ræddir þættir er varða upplýsingastreymið sem betur mætti fara og voru niðurstöðurnar skoðaðar haustið 2006 með það fyrir augum að bæta það sem betur mætti fara. Foreldrum finnst upplýsingagjöf í góðu lagi, 80% foreldra af þeim sem tóku þátt í netkönnun á foreldradegi finnst upplýsingagjöf til foreldra, mjög góð eða frekar góð.

5.3 Starfsandi og líðan starfsmanna

Það ríkir góður starfsandi og vellíðan hjá starfsfólki skólans. Yfir 90% svara því til í starfsmannakönnun vorið 2007, að þeir séu mjög eða frekar sammála að um að í skólanum ríki góður starfsandi og vellíðan.

Ef skoðaðar eru niðurstöður úr starfsmannasamtölum vorin 2006 og 2007 kemur í ljós að starfsmenn eru ánægðir í starfi við skólann og eiga gott samstarf við allfesta starfsmenn. Lesa má út úr starfsmannakönnun 2007 að starfsfólk telur sig leggja sig fram í starfi telur sig ná árangri í starfi. Aðrir starfsmenn en kennarar telja sig vita vel til hvers er ætlast af þeim í starfi og eru í góðu samstarfi við kennara.

5.4 Árangur, líðan og hegðun nemenda

Í kennaramati að loknum matsdögum á haustönn 2006 og vorönn 2007 kom fram að á milli 85 og 100% foreldra mæta með börnum sínum í viðtöl. Í foreldraviðtölunum kom fram að foreldrar eru almennt nokkuð jákvæðir í garð skólans og telja að börnum sínum líði nokkuð vel. Kennarar koma einstökum athugasemdum foreldra til réttra aðila innan skólans. Nemendur í 4. og 7. bekk taka árlega samræmd próf. Námsmatsstofnun vinnur úr prófunum og sendir skólanum niðurstöður og yfirlit yfir stöðu skólans í samanburði við aðra skóla á landinu. Árlega rýna kennarar og stjórnendur skólans í þessar niðurstöður, sérstaklega er rýnt í framfarastuðul hvers og eins nemenda. Auk þess lætur Fræðsluskrifstofa Reykjanesbæjar gera samantekt á niðurstöðum samræmdra prófa í 4. og 7. bekk fyrir skólana í bænum. Þar er m.a. rýnt í árangur pilta annarsvegar og stúlkna hinsvegar á samræmdum prófum. Þessar upplýsingar hefur skólinn nýtt sér til þess að koma betur til móts við við ólíkar þarfi nemenda.

Árið 2005 var meðaleinkunn 4. bekkar í stærðfræði 6,8 sem er samhljóma við landsmeðaltal. Þetta ár var meðaleinkunn í íslensku í 4. bekk 6,5 sem eru 0,3 lærra en landsmeðaltal.

Árið 2005 var meðaleinkunn í 7. bekk í stærðfræði 6,8 sem er 0,1 lægra en landsmeðaltal. Í íslensku var meðaleinkunnin 7,2 sem er 0,1 lægra en landsmeðaltalið.

Árið 2006 var meðaleinkunn í 4. bekk í stærðfræði 7,0 sem er 0,3 hærra en landsmeðaltal. Í íslensku var meðaleinkunn í 4. bekk 6,7 sem er landsmeðaltal.

Árið 2006 var meðaleinkunn í 7. bekk í stærðfræði 7,5 sem er 0,2 yfir landsmeðaltali. Í íslensku var meðaleinkunn 6,5 sem er 0,5 undir landsmeðaltali.

Við rýnum í og skoðum niðurstöður samræmdraprófa í 10. bekk. Erfitt er að meta árangur skólans út frá þeim tölum, þar er ekki birtur framfarastuðull, nemendur taka prófin á misjöfnum tíma og nemendur velja hvaða próf þeir taka.

Nemendur í 2. bekk taka lesskimunarpróf á sama tíma árlega. Fræðslustjóri fer yfir niðurstöður og fundar með kennurum og stjórnendum. Þessi próf gefa vísbendingu um þá nemendur sem þurfa frekari stuðning í lestri. Skólaárið 2005-2006 voru heildarniðurstöður lesskimunarprófsins í góðu lagi í skólanum en aftur á móti skólaárið 2006-2007 var árangur í lakara lagi.

Sérkennsluráðgjafi Fræðsluskrifstofunnar eða sérkennari skólans leggur lesskimunarprófið GRR14 fyrir alla nemendur í 9. bekk. Sérkennari fer yfir þær niðurstöður með kennurum og stjórnendum og boðar þá nemendur til sín ásamt foreldrum sem hafa komið illa út úr þessum prófum og þeir eru skoðaðir nánar.

Í niðurstöðum könnunar Sambands íslenskra sveitafélaga í samvinnu við Fræðsluskrifstofu Rnb sem lögð var fyrir nemendur á vorönn 2007 í 7.-10. bekk kemur fram að nemendur eru undir meðallagi þegar þeir eru spurðir hvort þeir séu duglegir að læra (93,8 meðaltalið er 100). Svörun þeirra er rétt undir meðallagi í spurningu um hvetjandi kennara (98,1). Aftur á móti svara nemendur því yfir meðallagi þegar þeir eru spurðir um líðan í skóla (102,3). Spurningu um námsu-mhverfi (kurteisi og stundvísi) svara nemendur undir meðallagi (97,1) en heildarniðurstaða nemendakönnunarinnar er undir meðallagi (94,8).

Undanfarin ár hefur mikið verið unnið að því að gera námsmat fjölþættara og meira leiðbeinandi fyrir nemendur og foreldra. Stöðugt mat fer fram allan skólatímann. Engir

prófdagar eru heldur eru nemendur metnir jafnt og þétt frá fyrst degi. Teymi hefur verið starfandi í skólanum sem hefur leitt námsmatsvinnuna. Deildastjórar hafa yfirumsjón með framkvæmd og birtingu námsmats í samvinnu við kennara á viðkomandi stigi.

Í foreldrakönnun á matsdegi í janúar 2007 voru 77% foreldra ánægðir með hvernig skólinn tekur á agamálum. Í starfsmannakönnun telja kennara og annað starfsfólk sig ráða vel við agamálin og telja sig geta leyst agamál fljótt og vel.

Olweusarkönnun hefur verið lög fyrir nemendur í 4.-10. bekk í nóvember s.l. tvö skólaár. Á starfsmannafundi var farið yfir niðurstöðurnar og Þorlákur Helgason verkefnisstjóri Olweusar verkefnisins á Íslandi aðstoðaði okkur við að rýna í niðurstöðurnar. Þar kom m.a. fram að strákum og sérstaklega stelpum í 4.-7.bekk líður betur þar sem einelti hefur minnkað og þau óttast síður að verða fyrir einelti.

Í 8.-10.bekk kom fram mikil aukning á einelti hjá stelpum og þrefalt fleiri stelpur óttast einelti nú en áður en einelti meðal stráka hefur hinsvegar minnkað um helming. Algengasta eineltið nú sem fyrr í öllum bekkjum er grín, uppnefni og gróusögur. Þá hefur nemendum í 8.-10.bekk fjölgað sem segja að umsjónarkennari geri lítið eða ekkert til að sporna við einelti. Í báðum könnunum koma niðurstöðurnar betur út meðal nemenda í 4.-7.bekk. Þorlákur telur það mikilvægt að virkja bekkjarfundi og halda þeim við uppá unglíngastigið. Fengum Ingileif Ástvaldsdóttur á starfsdegi til að fræða starfsfólk skólans um bekkjarfundi og mikilvægi þeirra fyrir samskipti milla nemenda og bekkjaranda.

5.5 Kennsluaðferðir

Í Njarðvíkurskóla er lögð áhersla á fjölbreytta og einstaklingsmiðaða kennsluhætti. Samantekt úr kennsluáætlunum 2006-2007 sýnir að kennsluaðferðir eru fjölbreyttar. Mikill ánægja er með kennsluhætti samkennslunnar í 3. – 4. bekk. Sýna kannanir meðal nemenda og foreldra s.l. þrjú ár að mikil ánægja ríkir með þetta fyrirkomulag.

Kennarar eru mjög ánægðir með teymiskennslu í bóklegum greinum á unglíngastigi og telja þetta fyrirkomulag komi til móts við ólíkar þarfir nemenda.

Í starfsmannakönnun vorið 2007 voru kennarar almennt sammála því að kennsluaðferðir þeirra mæti ólíkum þörfum einstaklinga og séu lílegar til að bæta stöðugt framfarir, 82 % kennara voru mjög eða frekar sammála þessu. Einnig kom fram að 86% kennara telja sig fylgjast vel með og tileikna sér nýjungar varðandi kennslu.

5.6 Samskipti við foreldra.

Í foreldrakönnun í janúar svara 95% foreldra því til að viðhorf þeirra til Njarðvíkurskóla sé mjög eða frekar jákvætt. Einnig telja 88% foreldra að foreldrar taki tillit til athugasemda og óska foreldra. Samskipti foreldra við kennara og starfsfólk eru almennt mjög góð um 90% svara að svo sé. 96% foreldra telja að skólinn hvetji nemendur til að skila góðum námsárangri. Á foreldradögum í október og janúar mæta foreldrar ásamt nemenda til viðtals við umsjónarkennara og í öllum árgöngum skólans er um eða yfir 90% mæting. Kennarar meta foreldraviðtölin og koma upplýsingum til stjórnenda skólans. Á kynningum á fyrirkomulagi valgreina í 8.-10. bekk mæta foreldrar mjög vel og sama er að segja um kynningar á samkennslu í 3.-4. bekk og 5.-6. bekk og kynningu á starfi skólans fyrir foreldra þeirra nemenda sem eru að hefja nám í 1. bekk næsta skólaár.

Mjög gott samstarf er milli skólans og stjórnar foreldrafélagsins og foreldraráðs. Foreldraráð fer yfir skólanámskrá á hverju hausti og gefur umsögn um hana. Tekið er tillit til umsagnar ráðsins og stjórnendur svara skriflega athugasemduum.

6. Samantekt

Í þessum hluta eru niðurstöður dregnar saman og þær bornar saman við matsspurningar og skilgreind viðmið. Árangurinn er metinn og bent á þætti sem taka þarf á. Ýmsar áætlanir hafa verið gerðar á helstu sviðum skólastarfsins og er gerð grein fyrir þeim í skólanámskrá og í handbók starfsfólks skólans sem er upplýsingarit um allt er viðkemur skólastarfinu og er í sífelldri endurskoðun.

6.1 Sýn skólans og stjórnun

Fyrsta matsspurningin var hvort skólinn hefði skýra sýn og styrka stjórnun. Niðurstöður þessa mats benda til þess að svo sé. Í Njarðvíkurskóla eru starfsmenn og foreldrar ánægðir með stjórnun skólans og starfsmenn segjast vita til hvers sé ætlast af þeim í starfi. Við teljum þó að skoða þurfi nánar einstaka þætti í stefnumörkun og stjórnun skólans.

6.2 Kennsluaðferðir og mat

Önnur matsspurningin var hvort kennsluaðferðir og mat á námi sé líklegt til að mæta ólíkum einstaklingum og bæta stöðugt framfarir í námi.

Niðurstaða matsins benda til þess að nokkuð sé um fjölbreyttar kennsluaðferðir og í Njarðvíkurskóla sé reynt eftir fremsta megni að mæta ólíkum einstaklingum. Þessi niðurstaða var fengin með því að skoða kennsluáætlanir og skýrslur um þróunarstarf. Hvað varðar námsarangur á samræmdum prófum í 4. og 7. bekk kemur í ljós að árangur nemenda í 7. bekk er ekki nægjanlega góður, sjá niðurstöður samræmdra prófa, en árangur nemenda í 4. bekk er viðunandi. Það þarf að huga að kennslu á miðstigi í íslensku og stærðfræði í þeim tilgangi að bæta námsárangurinn. Með því að skoða framfarir nemenda á samræmdum prófum í 7. bekk fæst skýrari mynd af því hvaða þætti kennslunnar/námsins þarf að bæta.

Almenn ánægja bæði hjá kennurum og foreldrum er með teymiskennslu á unglingsstigi en við þurfum að skoða nánar hversu ánægðir þeir eru með þetta fyrirkomulag.

6.3 Starfsandi

Þriðja matsspurningin var hvort góður starfsandi ríkti innan skólans að mati starfsmanna og nemenda, þ.m.t. samskipti, líðan og umhverfi.

Þær viðhorfakannanir sem hafa verið gerðar sýna að foreldrar eru jákvæðir í garð skólans. Almenn virðist nemendum Njarðvíkurskóla líða vel í skólanum, þó þarf að huga betur að líðan nokkurra einstaklinga. Þegar skoðuð eru svör nemenda úr Olweusarkönnuninni 2006 kemur í ljós að nemendum í 4.-7. bekk líður betur en í síðustu könnun og einelti hefur minnkað, en hjá stúlkum í 8.-10. bekk hefur einelti aukist. Í framhaldi af niðurstöðum Olweusar og fyrirlestri Ingileifar Ástvaldsdóttur verða fastir tímar á stundatöflu fyrir bekkjarfundi hjá 8. – 10. bekk skólaárið 2007-2008. Einnig munu umsjónarkennarar nemenda í 5.-9. bekk taka nemendur í einstaklingsviðtöl, tvisvar sinnum á önn þetta skólaárið. Líðan starfsmanna er góð og þeir telja að starfsandi í skólanum sé góður. Flestir telja að upplýsingastreymi til þeirra sé í lagi en við þurfum að geta komið upplýsingum til allra starfsmanna. Áhersla hefur verið á að koma upplýsingum í gegnum tölvupóst en huga þarf að því hvort allir starfsmenn hafi virkt netfang og hvetja þá til að skoða netpóstinn sinn

reglulega. Stjórnendur hafa hug á því í framtíðinni að vera með starfsmannakönnun fyrir starfsmannaviðtöl sem yrði þá grunnur að starfsmannasamtali.

6.4 Tengsl við foreldra

Fjórða matsspurningin fjallaði um það hvort foreldrar fengju stöðugar upplýsingar um stöðu nemenda og skólastarfið almennt og hvort þeir finndu sig velkomna í skólann.

Niðurstöður benda til þess að foreldrar séu ánægðir með Njarðvíkurskóla og telja að skólinn hvetji nemendur til að skila góðum námsárangri.. Kennarar telja sig eiga góð samskipti við foreldra og foreldrar segjast ánægðir með samskipti við umsjónarkennara barna sinna. Mæting foreldra á haustfundi/námsefniskynning var góð haustið 2007. Við þurfum þó að skoða hvað sé til ráða með að fá fleiri foreldra á námsefniskynningu því slök mæting hefur verið undanfarin á haustfundi. Spurning með að vera með könnun á meðal foreldra hvaða fyrirkomulag henti þeim best. Hins vegar var góð mæting hjá foreldrum á morgunfundi þegar verið var að kynna valið fyrir foreldrum og nemendum í 8. -10. bekk og eins á kynningu á fyrirkomulagi samkennslu í 3. og 4. bekk og 5. og 6. bekk. Góð mæting er hjá foreldrum foreldradögum sem eru tvisvar á ári í október og janúar.

7. Aðgerðaáætlun

Á grunni sjálfsmatsskýrslu þessarar verður unnin áætlun um aðgerðir og sjálfsmat til næstu þriggja ára eða til ársins 2010. Gert er ráð fyrir að sú skýrsla liggja fyrir haustið 2010. Aðgerðaáætlunin verður unnin á skólaárinu 2007-2008 og birt fyrir lok skólaársins.

Reykjanesbæ, 14. desember 2007

Ásgerður Þorgeirsdóttir, aðstoðarskólastjóri

Lára Guðmundsdóttir, skólastjóri